



Umhverfis- og skipulagsráð

Reykjavík, 19. september 2024

MSS23030208

gbj

Afgreiðslubríf: Samþykkt aðgengis- og samráðsnefndar um upplýsingagjöf um aðgengi að strætó og biðstöðvum

Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks þann 19. september 2024, var lögð fram svohljóðandi breytingartillaga aðgengis- og samráðsnefndar sbr. 2. lið. fundargerðar sd.

Lagt er til að aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að upplýsingar um aðgengileika biðstöðva verði settar á aðgengilegt form þannig að Strætó geti miðlað þeim auðveldlega til farþega. Jafnframt að Reykjavíkurborg hvetji hin sveitarfélögin til að koma sambærilegum upplýsingum um sínar biðstöðvar til Strætó.

Breytingartillagan var samþykkt.

Tillagan var samþykkt svo breytt.

Óskað er eftir að samþykkt aðgengis- og samráðsnefndar um upplýsingagjöf um aðgengi að strætó og biðstöðvum sé lögð fram á fundi umhverfis- og skipulagsráðs og tekin til meðferðar.

Virðingarfyllst,
Guðný Bára Jónsdóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt:

Breytingartillaga ásamt greinargerð dags. 19. september 2024

Tillaga ásamt greinargerð dags. 31. mars 2024

Umsögn Strætó

Umsögn Skrifstofu samgangna og borgarhönnunar



Reykjavík